

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ  
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
LJÓSMYNDASAFNIÐ  
ÍSAFIRÐI

Gögn neðst

## ÁRSSKÝRSLA 2008

Almennt:

Útlán voru um 34.000 og gestafjöldi hér á Ísafirði rúmlega 40.000 sem er svipað og s.l. ár. Nokkur samdráttur var í útlánum til stofnana og útlánum safnanna á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Enn er vaxandi þjónusta við fjarnema í héraðinu og brýn þörf á að bæta aðstöðu hér á safninu fyrir framhaldsnema sérstaklega í greinum sem nýta gögn safnanna.

Alls voru 20 sýningar og atburðir á vegum safnanna á árinu og gestir um 730.

Nú eru 9 (9) tölvur tengdar netinu fyrir almenning, auk þess sem hægt er að tengja fartölvur gesta við netið með örbylgjloftneti innanhúss (hotspot).

S.l. sumar var sá háttur hafður á að opna safnið sérstaklega (utan venjulegs afgreiðslutíma) fyrir hádegi þegar ferðamannastraumur er mestur í bænum s.s. við komur skemmtiferðaskipa.

Safnkostur bókasafnsins er nú liðlega 120.000 rit og safnkostur Ljósmyndasafnsins um 310.000 myndir.

YFIRLIT:

BÓKASAFNIÐ:

Bæjar- og héraðsbókasafnið samanstendur af aðalsafninu á Ísafirði, bókasöfnunum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri auk bóka gömlu lestrarfélaganna, sem eru enn á Hrafnseyri og Ástúni á Ingjaldssandi en bækur lestrarfélaga Mosvallahrepps og Mýrahrepps eru í geymslum safnsins. Áður hafa gengið inn í safnið á Ísafirði lestrarfélögin/bókasöfnin í Sléttuhreppi, Grunnavíkurhreppi, Snæfjallahreppi og tvö í Eyrahreppi (Lf. Skutulsfjarðar og Bs. Hnífsdælinga). Lestrarfélag Ísfirðinga, sem var stofnað 20. janúar 1866, gekk inn í bókasafnið við stofnun þess 1889.

Bókasafnið starfar skv. [lögum nr. 36/1997](#)

ÚTLÁN:

Útlán bókasafnsins á Ísafirði á árinu voru 33.898 bindi (31.473 árið 2007) sem er um 7,7% aukning frá fyrra ári en útlán hreppssafnanna sem sameinuðust Ísafjarðarbæ fækkaði nokkuð og eru áætluð um 3.000. Töluvert meira er um að notkun/lestur bóka og reyndar internetsins í safninu, enda aðstaða nú mjög góð. Gera má ráð fyrir að innanhússnotkun sé a.m.k. 50% – þannig að heildarnotkun bóka safnsins losar 50.000 bindi á ári.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Heimildaleitir nokkuð vaxandi, og eru áætlaðar um 2.500 og upplýsingabeiðnir um 10.000 á árinu í aðalsafni.

#### SAFNGESTIR:

Áætlað er að gestafjöldi hafi verið heldur meiri en á fyrra ári eða rúmlega 40.000 gestir. Húsið var opið utan venjubundins afgreiðslutíma fyrir hádegi í sumar þegar skemmtiferðaskip voru í höfn.

#### SKRÁNING:

Unnið er að uppbyggingu tölvuskrár yfir allan safnkost (bækur, tímarit, myndbönd, hljómdiska, snældur, kennsluáhöld o.fl.) í söfnum í bæjarfélaginu. Skrár safnsins voru opnaðar á Internetinu haustið 1998 með vefbúnaði frá MikroMARC: <http://marc.isafjordur.is/mikromarc/> Safnkostur bókasafnsins í Bolungarvík var vistaður í gagnagrunni safnsins hér og opnað netaðgengi að honum á <http://marc.isafjordur.is/bolungarvik/>

#### SAFNKOSTUR:

Safnauki bókasafnsins á Ísafirði á árinu var -51 (-518 b.), en óvenju mikið af slitnum bókum og aukaeintökum var afskrifað á árinu. Safnkosturinn nú um 77.000 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru um 6.000 bindi (þ.m.t. 2.500 bóka úr lestrarfélögunum norðan Djúps), alls er safnkosturinn hér í aðalsafni því um 83.000 b. Bókakostur hreppssafnanna í V.Ís. sem sameinuðust er um 37.500 (37.400) - heildarsafnkosturinn er því um 120.500 bindi.

#### GAGNABANKAR:

Safnið er í samstarfi við önnur söfn og menntamálaráðuneytið til að opna almenningi aðgang að erlendum gagnasöfnum án endurgjalds <http://www.hvar.is/> Viðskiptavinir safnsins hafa aðgang að Internetinu í aðalsafninu á 9 tölvum safnsins og þeir sem hafa eigin tölvur geta tengst gegnum innanhússnet safnsins.

#### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Unnið er að skráningu og þökkun skjalanna í sýrufríar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu. Skjalasafnið hefur tilsjón með skjalavistun og meðferð skjala Ísafjarðarbæjar m.a. í GoPro skjalavistunarkerfinu. Um mitt árið tók skjalasafnið að sér verkefni á vegum Þjóðskjalasafnsins (skv. mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar), tekið var á leigu stórt rými í HG húsinu við Eyrargötu og ráðnir voru 6 skjalaliðar til starfa. Reiknað er með að þetta verkefni verði í a.m.k. 3 ár. Skjalasafnið starfar skv. [lögum nr. 66/1985](#)

#### LJÓSMYNDASAFNIÐ

Á árinu voru töluvert vaxandi umsvif á ljósmyndasafninu við afgreiðslu, afritanir, skráningu, frágang ljósmynda, filma o.fl. Úrval mynda safnsins hefur verið gerður aðgengilegur á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/>

Á árinu bærust safninu myndarleg gjöf frá afkomendu Sigurgeirs B. Halldórssonar mestmagnis myndir af atvinnulífi og sjómennsku um miðja síðustu öld. Eins barst safninu mikið af myndasafni BB (Halldór Sveinbjörnsson). Safnkostinum hefur að mestu verið komið fyrir í sýrufríum umbúðum í geymslum safnsins (alls nálægt 310.000 myndir).

#### GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ

Skráðir gestir á sýningum voru um 730 - sýningar og atburðir í húsinu voru:

Vestfirsk skáld – 6 húslestrar (Elfar Logi)

Ljósmyndasýning Sigurgeirs B. Halldórssonar

Þjóðbúningasýning (Þjóðbúningafélagið)

Telgdar spýtur Jóa gamla (JSB)

Halla skáldkona (Guðfinna Hreiðarsdóttir)

Bangsadagurinn (IMG)

Myndir úr barnabókum (JH)

Haustsýning, skemmtilegt er myrkið (JSB)

Dúkkulísusýning, klippt og klætt (JSB)

Jólasýning

## NÁNARI SUNDURLIÐUN

### BÓKASAFNIÐ:

#### ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins á Ísafirði 33.898 bindi. Í aðalsafni voru útlánin 25.298, en til stofnana o.fl. voru útlán um 5.600 bindi. Útlán í hreppasöfnunum voru áætluð 3.000 bindi. Heildarútlán í Ísafjarðarbæ voru því 33.898 bindi. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru um 8 b./íb. Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með en sú notkun hefur stórukist með nýrri aðstöðu. Ekki er talin afritun gagna s.s.ljósritun eða skönnun. Auk þessa hefur orðið mikil aukning notkunar á Internettölvum í safninu, en þau not eru ekki mæld. Miðað við erlend viðmið má gera ráð fyrir að heildarnotkun (útlán og innanhússnotkun) á árinu 2008 hafi verið liðlega 50.000 bindi.

#### MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru um 51, og rit fengin að láni voru 14. Hljóðbækur (blindrabækur) fengnar að láni voru 144.

#### ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru um 300 bækur sendar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út um 4.600 bækur. Önnur útlán m.a. til skipa voru um 700. Alls voru þessi útlán um 5.600.

#### SÖGUSTUNDIR:

Sögustundum fyrir ísl. börn var hætt um haustið 2005 og meiri áhersla lögð á samstarf við leikskólana. En pólskar sögustundir voru 7 (13) og komu 16 (56) börn.

#### SAFNKYNNING:

Safnkynningar voru fyrir yngri bekkji grunnskóla (Ísaf., Flat. og Suðureyri) voru 3 og komu 60 börn, fyrir leikskóla voru 32 kynningar og komu 210 börn, fyrir Dægradvöl vikulegar heimsóknir. Á bangsadaginn komu 60 börn á skipulagða dagskrá. Uppskeruhátíð sumarlesturs 52 gestir. Starfskynningar GÍ voru 2. Kennsla nýbúa og önnur fullorðinsfræðsla 2 heimsóknir, 19 gestir. Samtals komu 403 gestir á þessa kynningaratburði.

#### LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið á Ísafirði að staðaldri séu um 800. Verð skírteina var 1700 kr., en börn á grunnskólaaldri fá fyrsta skírteini ókeypis.

#### SAFNGESTIR:

Áætlað er að a.m.k. 40.000 gestir hafi komið í safnið á Ísafirði á árinu, sem er svipað og áður.

#### SKRÁNING:

Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hafa verið skráð að mestu í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrarhr.(safnið er nú á Hól mavík), Reykjarfjarðar-, Ögur- og Snæfjallahr., (söfnin eru nú í kössum í Súðavík), Súðavíkurhr., Flateyrarhr., Mýrahr. (safnið er á Ingjaldssandi) og Mosvallahrepps (í geymslum aðalsafns). Unnið er að því að skrá safnið á Suðureyri (70%), og áætlað að skrá safnið á Þingeyri í kerfið á næstunni, eða þegar safnið hefur verið endurskipulagt. Lokið er skráningi á öllum safnkosti lestrarsals og útlánadeildar aðalsafnsins. Auk þessa er safnkostur Grunnskólans á Ísafirði fullskráður.

#### SAFNKOSTUR:

Í árslok taldist safnkosturinn á Ísafirði um 77.000 en var um (76.500) eintök í ársbyrjun. Ný rit (aukning) voru 1.543 miðað við aukningu upp á (1.189) eintök s.l. ár. Keypt voru 1.133 (1.239) rit, og bækur gefnar safninu voru 89 miðað við (126) s.l. ár. Afskrifaðar voru 1.301 bók (2.061 s.l. ár). 86 (52) bækur voru bundnar inn. Heildarsafnkosturinn er um 83.000 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Safnkostur hreppssafnanna er um 37.400. Bókakosturinn í heild er því um 120.500 bindi.

#### GAGNABANKAR:

Safnið hefur frá árinu 1992 haft tölvusamband við gangabanka innanlands og erlendis og síðar á Internetinu. Nú hafa söfn landsins samið um aðgang að helstu gagnagrunnum á landsvísu þannig að öll söfn fái aðgang að þeim hindrunarlaust gegnum síðuna <http://www.hvar.is/>

Safnið hefur undanfarin 16 ár veitt lánþegum aðgang að Internetinu, fyrst með 1 vél á módemi en nú 9 vélar tengdar ADSL. Þannig hefur safnið beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands og fjölda erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum, ljósritum, eða beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita sambærilega þjónustu og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

#### VEFUR:

Vefur safnanna er <http://safn.isafjordur.is/> - og er unnið að því að koma meira efni á vefinn. Bókasafnið hér er fyrsta almenningsbókasafn landsins sem veitir aðgang að skráum sínum á vefnum <http://marc.isafjordur.is/mikromarc/>

#### STARFSLIÐ:

Að mestu óbreytt frá fyrra ári: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Elín Magnfreðsdóttir, bókafræðingur (100%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Helga Aspelund í 66% og Sigurlaug Bjarnadóttir í 33% og bráðabirgða hefur Hulda Bjarnadóttir hlaupið í skarðið (33%). Inga María Guðmundsdóttir bókasafnsfræðingur í 33% stöðu. Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur starfar sem skjalavörður (100%) við Héraðsskjalasafnið. Davíð Kristjánsson er bókafræðingur á Þingeyri, en hann hefur jafnframt sinnt bókbandi fyrir safnið og Pétur Þorkelsson er bókafræðingur á Flateyri og Marías Þórðarson á Suðureyri.

#### ÚTLÁNATÍMAR:

Útlánaafgreiðsla safnsins hefur verið opin 33 klst. á viku (virka daga kl. 13-19 og laugard. 13-16). Þjónusta utan venjulegs afgreiðslutíma hefur aukist verulega undanfarið, mest gegnum síma og netpóst - upplýsingavakt gegnum síma og tölvusamband er að jafnaði frá kl. 10 til 18. Einnig var safnið opið utan venjulegs afgreiðslutíma sumarmánuðina þegar skemmtiferðaskip vor í höfn. Hreppasöfnin fyrrverandi á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eru opin að jafnaði 2 klst. á viku vetrarmánuðina.

#### STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, öldrunardeild, dvalarheimili (Hlíf), skólaskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Farið er einu sinni í viku á sjúkrahúsið og Hlíf og afgreiðslu sinnt að jafnaði 3-4 klst. í hvert skipti.

#### SKÓLAR:

Bókafræðingur Grunnskólans á Ísafirði skráir nú safnkost skólans beint í kerfi safnsins, en skólinn hefur haft aðgang að bókasafnskerfinu nokkur undanfarin ár þar sem útlán eru einnig skráð. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð. Safnið þjónar nemendum sem eru í fjarnámi með útvegum heimilda og aðgengi að gagnabönkum og leiðbeiningum um notkun þeirra og veitir þeim aðstöðu á safninu eftir því sem hægt er og standa vonir til þess að losa megi pláss á 3ju hæð til nota fyrir fjarnema - amk fyrir þá sem eru í framhaldsnámi í þeim greinum sem þurfa aðgang að bóka- skjala- og myndasafninu. Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Menntaskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) eins og áður að verulegu leiti.

#### HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við hreppasöfn í héraðinu eru skv. lögum – þetta samstarf var með líku sniði og undanfarin ár. Eftir sameiningu sveitarfélagana er aðeins Súðavík eftir. Bókakostur þessara hreppa er skráður að mestu leiti í tölvu safnsins á Ísafirði - íbúar héraðsins hafa nú aðgang að skráum safnsins eins og aðrir á Internetinu, sama gildir um bókasafnið í Bolungarvík þó það sé ekki í formlegu sambandi.

#### HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2008 bárust safninu 29 (26) skjalaafhendingar og fyrirspurnir voru nokkru meiri en áður eða um 50 (40) auk minniháttar fyrirspurna sem ekki þykir taka að bókfæra sem afgreiðslu. Þá stóð safnið að jólasýningu á Gamla sjúkrahúsinu í samstarfi við bóka- og byggðasafn eins og áður. Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu. Eins voru nokkrir einstaklingar við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Í árslok 2008 voru færslur í aðfangabók 3780 (3746). Safnið sinnti jafnframt ráðgjöf og þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður. Skjalasafnið tók að sér verkefni á vegum Þjóðskjalasafnsins (skv. svokölluðum mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar), tekið var á leigu stórt rými í HG húsinu við Eyrargötu og ráðnir voru 6 skjalaliðar til starfa. Reiknað er með að þetta verkefni verði í a.m.k. 3 ár.

## LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Á árinu 2008 bárust safninu u.þ.b. 300 fyrirspurnir, sem er u.þ.b. helmingi meira en s.l. ár, og safnið útvegaði um 200 afrit af myndum (aðallega stafræn) til einstaklinga og í allmargar bækur og sýningar. Verulega meira af ljósmyndum var afhent safninu til varðveislu en áður, eða um 142.000 myndir. Í safninu eru nú um 310.000 filmur, myndir og stafræn frumrit. Á árinu fékk safnið til varðveislu 24.000 myndir af ljósmyndastofu Hauks Sigurðssonar frá árunum 1960-1975 hér í bæ auk um 1.000 mynda (filmur og stafrænt) eftir Sigurgeir B. Halldórsson Ísafirði mest úti- og atvinnulífsmyndir frá miðri síðustu öld, og um 1.000 myndir úr fórum Ágúst Leóssonar frá sama tíma hér í bæ og nágrenni auk 76.000 mynda frá Þorsteini J. Tómassyni (allt stafrænt). Og þessu til viðbótar stofumyndir frá ljósmyndastofunni Myndási samtals um 39.400 myndir (filmur)

Gengið var að mestu frá filmusafni Myndáss í sýrufriar umbúðir og möppur í hillur. Keyptar voru umbúðir (polyestersíður og sýrufriar lokaðar möppur A4) og byrjað á frágangi myndasafns Hauks Sigurðssonar. Eins var gengið frá minni söfnum sem safninu áskotnaðist á árinu.

Á árinu starfaði Helga Aspelund á safninu og verður framvegis í 80% stöðu, fyrst og fremst við frágang á safnkosti og upplýsingaþjónustu. Forstöðumaður sinnir nú safninu í 50% stöðu enda hafa umsvifin aukist verulega.

Úrval úr safninu hefur verið gert aðgengilegt á vefnum <http://myndasafn.isafjordur.is/>

Áætlað er að flytja myndiefni (sérstaklega gamlar pappírsm myndir) yfir á þennan grunn eftir því sem mannaflí leyfir, en skönnun mynda er nokkuð tímafrek vinna. Sótt hefur verið um rekstrarstyrk úr Safnasjóði til verksins en ekkert fengist umfram lága verkefnastyrki. Safnið fékk 1.000.000 styrk úr Þjóðhátíðarsjóði til að afrita elsta hluta myndasafnsins.

## STJÓRN:

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna.

Í Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar eiga nú sæti:

Ingi Þór Ágústsson, formaður, Hrannargötu 3, Ísafirði

Inga Ólafsdóttir, Hafnarstræti 7 Ísafirði

Anna Sigríður Ólafsdóttir, Heimabæ 2 Ísafirði

14. nóv. 2009

Jóhann Hinriksson